Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

125. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 8. mars 2024
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:
Elís Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Dagskrá:

1. **Uppfærsla leiðbeininga fyrir hönnun hjólastíga - kynning - 2305010**

   Kynning á uppfærslu hjólastígaleiðbeininga sem Vegagerðin og SSH gáfu út árið 2019. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og 2024 að styrkja uppfærsluna. Verkefnastjóri EFLU tekur þátt í fundinum undir þessum lið.

   Gestir

   Ragnar Gauti Hauksson, samgönguverkfræðingur, EFLA -

2. **Áherslur 2022-2026: Leiðarljós 3 - Alþjóðleg samkeppnishæfni - 2003003**

   Fyrirliggjandi eru áherslur svæðisskipulagsnefndar fyrir kjörtímabilið 2022-2026 sem voru samþykktar á 110. fundir dags. 14. október 2022 þar sem segir:

   ,,Á síðari hluta kjörtímabils verði unnið að leiðarljósi 3 (Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni) í gildandi svæðisskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd mun beita sér fyrir skráningu á staðsetningu starfa og umfangi starfa án staðsetningar sbr. aðgerð 3.1.2. Svæðisskipulagsnefnd mun beita sér fyrir samstarfi sveitarfélaga á suðvesturhorninu í samræmi við markmið 3.2 í svæðisskipulagi."

   Á fundinum var farið yfir stöðu aðgerða sem falla undir leiðarljós þrjú en til grundvallar var greining ALTA: Mat og rýni á framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. júní 2020.

   Yfirferð verður haldið áfram á næsta fundi nefndarinnar.

3. **Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003**

   Að beiðni formanns er til umræðu heimsóknir nefndarinnar.

   Formanni falið að kanna möguleika á fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis í samræmi við umræður fundarins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

4. Ferðavenjukönnun 2024 - 2208002

Til umræðu er framkvæmd ferðavenjukönnunar fyrir árið 2024. Síðasta ferðavenjukönnun var unnin haustið 2022 og kynnt í byrjun árs 2023. Könnunin var unnin í samstarfi við Vegagerðina, Skipulagsstofnun, Húsnæðis og mannvirkjastofnun, Strætó og Innviðaráðuneytið.

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að gerð ferðavenjukönnunar 2024 í samræmi við samþykktar áherslur nefndarinnar.

5. Samgöngusáttmáli - staða helstu verkefna - kynning - 2003010

Fulltrúi Betri Samgangna ohf. kynnir stöðu helstu verkefna samgöngusáttmála. Óskað var eftir kynningunni í samræmi við áherslur svæðisskipulagsnefndar fyrir kjörtímabilið 2022-2026. Áður höfðu fulltrúar Betri samgangna kynnt á 114. fundi dags. 17. febrúar 2023.

Gestir

Þröstur Guðmundsson, forstöðumaður verkefna og áætlana, Betri Samgöngur ohf -

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026